

# AÐALFUNDUR !



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

## Fréttabréf

2. tbl. 6. árg. mars

**Aðalfundur Félags Trérennismiða á Íslandi** verður haldinn laugardaginn 25. mars 2000 kl. 10 í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands í Skipholti.

### Dagsskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
3. Kosning stjórnar og nefnda
4. Ákvörðun um félagsgjald
5. Önnur mál
6. Fundagerð lesin og borin undir atkvæði  
Kaffiveitingar

**Eftir aðalfundinn mun Valur Ingólfsson frá Sauðárkróki sýna smíðagripni og segja frá starfi Ingólfs föður síns en hann er kunnur af fallegu handbragði.**

**Látinn er í Reykjavík Ingbór Haraldsson kaupmaður.** Ingbór var vel kunnur fyrir þjónustu sína við handverksfólk um allt land um árabíl. Seldi hann bæði vélar, verkfæri, handverksbækur og fl. Síðari árin var hann einna kunnastur fyrir klukkuverkin sem útskurðarfólk og þeir sem smíðuðu klukkur keyptu hjá honum. Handverksmenn komu gjarnan við í verslun hans til þess eins að spjalla við Ingbór og þiggja góð ráð. Ingbór studdi við fréttabréf trérennismiða með því að auglýsa vörur sínar á þeim vettvangi. Ingþórs er nú saknað sem góðs félaga og vottum við fjölskyld hans samúðar. Verslun Ingþórs mun nú hafa verið lokað.



**Porkell Sigurðsson** við rennibekk Þorsteins Hjálmarssonar. Rennibekkurinn mun vera 130-135 ára. Sjá næstu síðu.

Fréttabréf Félags trérennismiða á Íslandi.  
Ábm. Trausti B. Óskarsson og Reynir Sveinsson Faxatúni 36, 210 Garðabæ. Sími 565 8588.  
Endurprentun leyfð sé heimildar getið. Uppsetning TBÓ/RS.

## TRÉRENNIBEKKUR Á FORSIÐU

Á félagsfundinn þann 26. febrúar s.l. kom Þorkell Sigurðsson með gamlan trérennibekk sem honum hafði áskotnast og tekið til viðhalds eftir margra ára geymslu á lélegum geymslustað.

Bekkin smíðaði Þorsteinn Hjálmarssonar sem er fæddur 18. september 1840 að Kolastöðum í Hvítársíðu í Mýrasýslu.

Þorsteinn flutti norður að Skarástöðum í Miðfirði einhvern tíma á milli 1860-1870. Þessi rennibekkur er því c.a. 130–135 ára.

Frá Kolastöðum niður í Borgarnes eru um 70 km svo það hefur tekið Þorstein minnst 3 daga að ná í efni í bekkinn því svona óþarfa flutningar hafa tæpast verið látnir ganga fyrir í kaupstaðaferðum. Þegar Þorsteinn flutti norður kaupir Benjamín Jónsson bóndi á Hallkelsstöðum í Hvítársíðu bekkinn. Hann er fæddur 7. júlí 1834 að Efri-Núpum í Miðfirði. Átti hann bekkinn til dauðadags 1916. Þá kaupir Kolbeinn Guðmundsson bekkinn en hann var systursonur Þorsteins. Hann á bekkinn til 1958 er hann deyr og eftir hans dag eignast Magnús sonur hans gripinn sem þá er orðinn mjög hrörlegur og fúinn. Magnús gaf Þorkeli Sigurðssyni bekkinn 1989 og síðan hefur hann verið að taka á sig þá mynd er sést á forsiðunni. Hjálmar faðir Þorsteins hafði lítið álit á syni sínum sem þótti hvíldrækinn og mistækur til verka. Þegar smíðar Þorsteins voru lofaðar gerði faðir hans minna úr slíku en aðrir. Eitt sinn var rætt um hve frábærir ljáir væru eftir Þorstein, á þeim sæist ekki hamarsfar, þá mælti Hjálmar:

“Mér kemur það að engu liði þótt ljáirnir séu eins og steypfir ef þeir bíta ekki”.

Þorsteinn smíðaði marga nytjahluti t.d. forláta kaffikvörn sem er til á Gilsbakka í Hvítársíðu. Eitthvað smíðaði hann af rokkum þó ekki sé vitað fyrir víst hvort þeir séu til í dag. Síðustu 20 árin bjó hann á Hvammstanga í Húnavatnssýslu, byggði sér þar hús og var það kallað Þorsteinshús. Það brann en hluti hússins mun vera á Vatnshóli í Þorkehlshólshreppi.

Sonarsonur Þorsteins og alnafni smíðaði hina frægu hurð sem nú er fyrir aðalinngangi Alþingishússins. **Samantekt Þorkell Sigurðson**

**Handverkssýning í Laugardalshöllinni 28. apríl til 1. maí 2000**  
Vorsýningin er að verða árviss viðburður í menningarlífi landsmanna. Félagið mun eins og áður vera með rennibekk í anddyri hallarinnar og kynna starfsemi sína með því að hafa bekkinn í gangi og upplýsingar veittar um félagið. Vonandi er að félagsmenn verði þar einnig með sýningarbása sem fyrr.



Undirritaðir eru umsjónarmenn með félagsfundunum. Hugmyndir félagsmanna eru einnig vel þegar.

**Þorkell Sigurðsson s. 557 3434, Vilhjálmur  
Kjartansson s. 581 2066 og Úlfar Sveinbjörnsson s.  
565 2550.**


## ONEWAY & STRONGHOLD PATRÓNUR

**Kanadískar gæðapatrónur fyrir flestar gerðir trérennibekkjá.**

Skrúfaður aukakónn/botn til að færa á milli rennibekkjá.

Margar stærðir af aukafestingum (kjöftum/örmum).

Diskar í tveim stærðum. Einnig 1/2" og 1" drifoddar



## TRÉ-LIST

ENGJATEIGI 17,105 REYKJAVÍK.

SÍMI / FÁX 553 1580

## FRÁ FÉLAGSFUNDINUM Í NÓVEMBER S.L.

Félagsmönnum stendur nú til boða betra og meira úrval véla, verkfæra og efna til trérennismiða en áður hefur þekkt hér á landi. Nokkur samkeppni hefur myndast þar sem 4–5 aðilar bjóða þessar vörur nú til sölu. Trérennismiðir geta nú betur skoðað hvað hentar hverjum og einum. Þeir Gylfi og Karl sem báðir eru félagsmönnum vel kunnir sýndu nokkuð af varningi sínum á fundinum.



Gylfi Sigurlinnason svarar fyrirspurnum fundarmanna



Karl Helgason svarar sömuleiðis fundarmönnum um ágæti sinnar vöru

## FRÁ FÉLAGSFUNDINUM 29. JANÚAR S.L.



Vel var mætt á fundinn 29. janúar eða á þriðja tug manna.


Eins og áður hefur komið fram var **Hans Jóhannsson** fiðlusmiður með fræðsluerindi um smíði fiðlunnar.

Hans hefur smíðað fiðlur í um 20 ár og lærði fiðlusmíði í Bretlandi. Smíðar hann um 10 fiðlur á ári og kostar hver fiðla um 800 þúsund. Smíðaaðferðin er nánast sú sama og var fyrir 300-350 árum. Sömu verkfærin og sami efniviðurinn. Þrátt fyrir framþróun í vélbúnaði og tölvuvæðingu kjósa helstu fiðlusmiðir heims að nota gömlu aðferðina og gömlu verkfærin. Ameríkanar hafa helst verið að reyna fyrir sér með notkun (flýttækni) hjálparvéla, en Hans taldi að það flýtti lítið fyrir og þegar tekið er tillit til hávaða og ryks vildi hann ekki vinna við slíkar aðstæður. Hefð er jú alltaf hefð. Efniviðurinn er lifandi og fer eftir eigin lögum og þarf þess vegna að nota handverkfæri til að ná því út úr viðnum sem æskilegt er miðað við hljómburð hverju sinni. Hlynur (Berghlinur) er að mestu notaður í bak og hliðar en í framhlið, sveifflugjafann er notað greni. Grenið hefur mestan styrkinn miðað við þyngd. Stradivarfíðla kostar í dag allt upp í tvo skuttogara. Lakkmeðferðin (lakkid er hitað og eimað) er frá 16. til 17. öld. Mikið atriði er að grunna vel. Grunnurinn verndar viðinn en lakkid eyðist með tímanum. Ekki má skemma hreyfingarnar í viðnum með of miklum grunni eða lakkid. Fiðlur eru að mestu af staðlaðri stærð. Lágfiðlur og selló eru hinsvegar smíðaðar í mismunandi stærðum. Efniviðurinn í fiðlunni er óvissuþáttur við smíði hennar hvað hljómburð varðar. Í dag er gamla góða perlulakkid sem notað var fyrir 3-4 hundruð árum enn í góðu gildi og er það hitað upp fyrir notkun.



Hans fiðlusmiður – framhald

Sérvalin viður í baki er t.d. rættinn og hefur fallega geisla getur kostað allt að 30-40 þúsund í eitt bak og tréð þá 3-4 hundrad ára gamallt. Hlynurinn kemur aðallega frá Suður Evrópu og vex hátt í fjöllum (Ölpunum). Íslensk tré eru ekki eins þétt og ætla mætti að sögn Hans, þegar þau taka við sér virðist vera nokkuð hraður vöxtur þann stutta tíma sem þau þá vaxa. Þinni sem liggur milli baks og framhliðar heitir á fagmáli “sálin”. Efniviðinn geymir Hans í allt að 10 ár áður en hann smíðar úr honum fiðlu. Hans sagði að þegar stríðinu lýkur á Balkanskaga mun hann fara þangað í efnisleit. Erindi hans var fróðlegt og höfðu félagsmenn bæði gagn og gaman af heimsókn hans.



Hér er sýnt hvernig útbúa má nokkuð einfaldan haldara/stýringu þegar verið er að renna langan öxul. Hjólin styðja þá við og eru notaðir snittteinar fyrir færsluna.

sími og fax 555 1212

Rennibekkir  
Rennijárn  
Útskurðarjárn  
Patrónur  
Pennaeefni

**Hjá Gylfa**

Hólshrauni 7- 220 HF

NOVA

## VORFERÐIN

Hin árvissa og skemmtilega vorferð félagsmanna sem farin hefur verið síðustu helgina í apríl kemur upp á sama tíma og handverksýning í Laugardalshöllinni. Það hefur því verið ákveðið að færa ferðina aftur um viku, laugardaginn 6. maí. Farið verður norður og safnið að Reykjum í Hrótafirði skoðað og annað áhugavert á leiðinni. Þór Magnússon þjóðminjavörður upplýsti okkur um að þar væri að finna trérennibekk og smíðahluti sem vert væri að skoða.

Síðan verður haldið á Sauðárkrók þar sem byggðasafnið verður skoðað. Heimamenn munu fara með okkur um svæðið. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til Þorkells Sigurðssonar, s. 557 3434, eigi síðar en 25. apríl.



### *Boxin renndi Úlfar Sveinbjörnsson*

Úlfar sem hefur verið í félaginu í um tvö ár hefur verið manna ötulastur að koma með hluti sína á fundina til að fá umsögn og gagnrýni. Hann hefur tekið einna mestum framförum af þeim sem ritstjórnin hefur fylgst með og er honum óskað til hamingju með góðan árangur.